

þess merki á báðum endum, að hann hafi verið höggvinn af eða meitlaður eða með öðrum hætti skilinn frá botnvörpustrengnum beinlínis af mannavöldum.

2. Hvort vera megi, að þetta kynni að hafa verið gert með öldustokkinn að undirlagi, og loks

3. Hvort áðurnefnd merki á vírnum kynni að geta verið fram komin við vírslit í togblökkinni.

Áður en lagður verður dómur á mál þetta þykir því rétt að leggja fyrir lögreglustjóran í Reykjavík að dómkveðja þrjá hæfa og óvilhalla menn til þess, að tilkvöddum sækjanda og verjanda sakar þessarar fyrir hæstarétti, að kveða upp álit sitt um framangreind atriði.

Því úrskurðast:

Lögreglustjóranum í Reykjavík ber að framkvæma ofanefnda dómkvaðningu svo fljótt sem þess er kostur.

Föstudaginn 9. apríl 1937.

Nr. 5/1937. **Réttvísir** (Einar B. Guðmundsson)
gegn

Ólafi Magnúsi Einarssyni og Gunnari Viggó Jóelssyni (Lárus Jóhannesson).

Tveir menn dæmdir fyrir þjófnað. Annar þeirra auk þess dæmdur fyrir hylmingu.

Dómur aukaréttar Siglufjarðar 22. ágúst 1936: Kærður Ólafur Magnús Einarsson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 120 daga, en Gunnar Viggó Jóelsson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 100 daga.

Svo greiði og kærðu in solidum 40 kr. iðgjöld til Péturs Bóasonar og allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

1. Ákærði Ólafur Magnús Einarsson.

Með játningu ákærða Ólafs og öðru, sem fram er komið í málinu, er það sannað, að hann hefir gerzt sekur um brot þau, er hér greinir.

1. Aðfaranótt 29. júlí 1936 fór hann út í e/s Goðafoss, sem þá lá á Siglufirði. Fór hann þar inn í opinn svefnklefa, lauk upp fataskáp, sem þar var, með lykli, er stóð í skránni, leitaði í vösum á fötum, er þar voru, og hafði á brott með sér 145 krónur úr peningaveski, sem hann fann þar, en veskið sjálft tók hann ekki. Þá stal hann einnig í sömu ferðinni einni dós með niðursoðnu kjöti úr opnu eldhúsi skipsins.

2. Sömu nótt, sem áður greinir, hitti ákærði samákærðan Gunnar Viggó úti í e/s Goðafoss. Bað hinn siðarnefndi ákærða að taka við pakka með skóm í og koma honum í land. Varð ákærði við því, og kveðst hann þó hafa gengið út frá því, að Gunnar hefði stolið skópakkanum.

3. Aðfaranótt 7. ágúst 1936 stal ákærði Ólafur ásamt samákærðum Gunnari Viggó peningakassa úr húsi á Siglufirði. Framdi hann þjófnaðinn með þeim hætti, að hann seildist til kassans inn um opinn glugga, án þess að fara sjálfur inn um gluggann. Brutu þeir félagar kassann upp, og tók ákærði Ólafur peninga þá, er í honum voru, 12 kr., en kassanum með skjölum þeim, sem í honum voru, hentu þeir í sjóinn. Þegar ákærði framdi brot þetta, hafði hann þegar meðgengið fyrir dómara brot þau,

sem um getur í 1. og 2. tölulið hér að framan. Kveðst ákærði hafa verið ölvaður báðar umgetnar nætur, er hann framdi brotin.

II. Ákærði Gunnar Viggó Jóelsson.

Hann er í máli þessu sannur að sök um eftirtalin brot.

1. Aðfaranótt 29. júlí 1936 stal ákærði úti í e/s Goðafoss úr opnum íbúðarklefa einum skóm, en ekki hafa þeir verið virtir til fjár við rannsókn málsins, og liggur ekkert fyrir um verð þeirra.

2. Eftir að ákærði var orðinn uppvís að skóþjófnaðinum, og lögreglurétturinn hafði tekið skóna í sínar vörzlur, stal ákærður þeim á ný úr bæjarþingsstofu Siglufjarðar, meðan á rannsókn málsins stóð. Varð þegar vart við þjófnaðinn, og fundust skórnir aftur eftir tilvisun ákærða.

3. Loks var ákærði þátttakandi með samákærða Ólafi að þjófnaðinum á peningakassanum aðfaranótt 7. ágúst 1936, eins og fyrr getur. Stóð ákærði á verði, meðan Ólafur seildist eftir kassanum, og hjálpaði hann Ólafi við að brjóta kassann upp og ná í peningana.

Þetta brot framdi ákærði eftir að uppvíst var orðið um brot hans, sem um ræðir í 1. og 2. tölulið hér að framan.

Hinir ákærðu hafa báðir áður verið dæmdir fyrir þjófnað, ákærði Ólafur þrisvar sinnum og ákærði Gunnar tvisvar sinnum, en þar eð hvorugur þeirra hafði náð 18 ára aldri, er nefndir dómar gengu um þau þjófnaðarbrot þeirra, þá hafa dómarnir ekki itrekunaráhrif í þessu máli, sbr. 62. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Þegar hinir ákærðu frömdu brot þau, sem um

ræðir í máli þessu, var ákærði Ólafur 17 ára að aldri, en ákærði Gunnar 18 ára.

Brot ákærða Ólafs, sem lýst er í I, 1. og 3. tölulið hér að framan, heyra undir 6. gr. laga nr. 51/1928, og brot hans, sem umgetur í I, 2. tölulið, á undir 240. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 1869. Þykir refsing hans, með skirskotun til 38. gr. hegningarlaganna, og með hliðsjón að 63. gr. sömu laga, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 120 daga, eins og gert er í hinum áfrýjaða dómi.

Brot ákærðs Gunnars, sem lýst er í II, 1. til 3. tölulið hér að framan, heyra undir 6. gr. laga nr. 51/1928. Þykir refsing hans, með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna, hæfilega ákveðin af héraðsdómaranum fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 100 daga.

Eigandi peningakassa þess, sem um ræðir í málinu, Pétur Bóason, hefir krafizt 40 króna skaðabóta af hinum ákærðu. En hvorki hefir héraðsdómarinn látið þess getið í stefnu, að skaðabóta eða iðgjalda yrði krafizt, né heldur hefir hann, eftir því sem séð verður af dómsgerðunum, borið þessa kröfu undir hina ákærðu eða skýrt þeim frá, að hún væri fram komin. Verður því þegar af þeirri ástæðu ekki dæmt um kröfuna í þessu máli.

Ákærður Ólafur Magnús Einarsson, sem sat í gæzluvarðhaldi 29. til 30. júlí 1936, greiði sjálfur varðhaldskostnað sinn. Allan annan kostnað málsins, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiði hinir ákærðu in solidum, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 70 krónur til hvors.

Við rannsókn og meðferð héraðsdómarans á máli þessu athugast það, sem hér segir: Ekki hefir verið láttin fara fram virðing á skóm þeim og kjötdós, sem stolið var og um ræðir í málinu, né heldur hefir verið gerð gangskör að því að afla upplýsinga um verðmæti hins stolna peningakassa og þess, sem í honum var. Hinum ákærðu er stefnt í héraði til þess að þola refsingu samkvæmt 230. sbr. 232. gr. hinna almennu hegningarlaga, og dæmdir eru þeir til refsingar samkvæmt 230. sbr. 233. og 234. gr. sömu laga, en allar þessar lagagreinar eru úr gildi felldar með 17. gr. laga nr. 51/1928. Hinir ákærðu eru dæmdir til að greiða skaðabætur, án þess þeim sé til þess stefnt né gert viðvart um skaðabótakröfuna, svo séð verði. Þá er skaðabótakrafan tekin til greina af dómaranum, án nokkurrar virðingar á verðmæti hinna stolnu og eyðilögðu muna, eða ef slík virðing var óframkvæmanleg, án þess að hinum ákærðu, sem báðir eru ófjárráða, væri skipaður sakráðamaður. Loks hefir héraðsdómariinn sett í áfrýjunarstefnu, að málinu væri áfrýjað af hálfu valdstjórnarinnar í stað réttvísinnar.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Ólafur Magnús Einarsson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 120 daga og ákærði Gunnar Viggó Jóelsson sæti samskonar fangelsi í 100 daga.

Ákærði Ólafur Magnús greiði sjálfur kostnað við gæzluvarðhald sitt. Allan annan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutnings-

mannanna Einars B. Guðmundssonar og Lárusar Jóhannessonar, 70 krónur til hvors, greiði hinir ákærðu in solidum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Málavextir eru þessir: Sökunautur Ólafur Magnús Einarsson hefir gerzt sekur svo sem hér segir:

28. júlí s. l. er hann um borð í e/s Goðafoss á Siglu-fjarðarhöfn, fer þá inn í klefa stýrimannsins á skipinu, er var opinn, opnar fataskáp, er lykill stóð í skápskránni, leitar í vösum og finnur ekkert fémætt, nema veski, er í voru 145 kr., sem hann tekur. Skilar hann síðan dómaramum 85 kr. af þýfinu, en hinu hafði hann eytt. 6. þ. m. verður hann var við peningakassa í herbergi í Norðurgötu í bænum, en opinn gluggi var á herberginu. Teygist hann inn um gluggann og tekur peningakassann. Rétti Ólafur Gunnari Viggó Jólssyni kassann, er bar hann norður á flóðgarð og braut með steini kassann þar upp. Afhenti Gunnar Ólafi kassann, sem í voru 12 kr. og nokkrir smápeningar, vinnunótur, ávísanahefti, kvittanir o. fl. Hefir Ólafur síðar afhent lögreglunni þessar 12 krónur. Kassann eyðilögðu sökunautar og hentu honum útaf flóðgarðinum. Auk þess hjálpaði Ólafur Gunnari að stela skóm frá stýrimanni á Goðafoss á þann hátt, að hann bar skóna í land, sem Gunnar bað hann fyrir og Ólafur vissi, að Gunnar hefði stolið. Í öllum þessum tilfellum kveðst sökunautur hafa verið undir áhrifum vins.

Sökunautur Gunnar Viggó Jólsson er sannur að sök um það, er hér segir:

28. f. m. hafi hann gengið fram hjá íbúð 1. stýrimanns um borð í Goðafoss. Var opin hurð að íbúðinni. Kom hann þá auga á kassa með skóm í. Hafi hann hitt Ólaf Einarsson á þilfarinu og beðið hann að fara með skókassann í land, og það gerði Ólafur. Skóna fann svo lögreglan út í bæ. Við yfirheyrsluna í bæjarþingssalnum voru skórnir hafðir til sýnis sökunaut, en meðan dómarrinn og réttarvottarnir brugðu sér í næsta herbergi, tók sökunautur

skóna, kastaði þeim út og ætlaði að nýju að komast að skónum, er yfirheyrslunni væri lokið. Skórnir fundust samt. (sic) 6. þm. er sökunautur meðhjálp fyrir Ólaf að stela peningakassa, er stóð á borði inni við opinn glugga. Stóð Gunnar á verði, meðan að Ólafur teygðist eftir kassanum og tók hann. Fóru þeir Gunnar með kassann niður í flóðgarð, og braut Gunnar þar upp kassann með steini, tók peningana úr kassanum, 12 krónur, og fékk Ólafi og henti síðan kassanum með nokkrum smápeningum, ávisanaheftum, vinnunótum, kvittunum o. fl. út fyrir flóðgarðinn, og eyðilagðist það þar. Hefir verið krafizt 40 kr. skaðabóta fyrir peningakassann og það, sem í honum var, en sökunautur eigi greitt það.

Kærðir hafa áður sætt refsingu fyrir þjófnað, Ólafur Einarsson verið dæmdur þrisvar áður fyrir þjófnað, Gunnar tvisvar.

Verknað kærðu ber að áliti dómarans að heimfæra undir 23. kafla refsilaganna, Ólafs Einarssonar undir 230. gr. sbr. 234. gr. og 242. gr. og 8. gr. laga 51/1928, en Gunnar undir 230. gr. og 242. gr. sbr. 233. gr. refsilaganna og 8. gr. laga 51/1928, en með tilliti til hins unga aldurs hinna kærðu, þykir refsingin hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, fyrir Ólaf Einarsson í 120 daga, en fyrir Gunnar í 100 daga.

Svo greiði og kærðu in solidum 40 kr. iðgjald til Péturs Bóasonar, Siglufirði, fyrir umræddan peningakassa og innihald hans, er þeir hafa eyðilagt.

Vegna fjarveru dómarans hefir dómur þessi ekki verið kveðinn upp fyrr. Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Kærðu greiði allan kostnað sakarinnar in solidum.